



## FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR ARION BANKA HF.

Hluthafafundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík föstudaginn 9. ágúst 2019 og hófst fundurinn kl. 16:00.

### 1. Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Brynjólfur Bjarnason stjórnarformaður Arion banka hf. bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Tók hann fram að fundurinn yrði haldinn á íslensku en túlkaður á ensku. Lagði hann því næst til að Ólafur Haraldsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Tók Ólafur þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Þóra M. Hjaltested, lögmaður í lögfræðiráðgjöf Arion banka, yrði kjörin fundarritari og var sú tillaga samþykkt. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri upplýsti að hluthafar eða fulltrúar þeirra væru mættir á fundinn sem samtals færu með 1.303.319.364 atkvæðisbæra hluti eða 71.86% af atkvæðisbæru hlutafé í Arion banka hf., að meðtöldum hlutum þeirra hluthafa sem greitt höfðu atkvæði með rafrænum hætti utan hluthafafundar.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykka bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans þann 12. júlí 2019. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði hinn 15. júlí 2019. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum ásamt skýringum við þær hefðu verið birtar á á vefsíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Enginn hreyfði við andmælum og lýsti fundarstjóri fundinn því lögmætan.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá og tillögur:

#### 1. Breyting á stjórn bankans.

Kosning tveggja nýrra stjórnarmanna sem starfi fram að næsta aðalfundi bankans.

#### 2. Breyting á tilnefningarnefnd

Kosning eins nýs nefndarmanns í tilnefningarnefnd sem starfi fram að næsta aðalfundi

#### 3. Önnur mál

### 1. Breyting á stjórn bankans

Fundarstjóri tjáði fundarmönnum að stjórn bankans hefði ákveðið að kjósa skyldi tvo nýja stjórnarmenn sem skyldu starfa fram að næsta aðalfundi bankans. Annar þeirra skyldi koma í stað Benedikts Gíslasonar sem látið hefði af störfum sem stjórnarmaður 27. júní sl. en hann tók við stöðu bankastjóra Arion banka 1. júlí sl.



Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt 63. gr. a laga um hlutafélög, þ.e. nafn, kt, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Þá kom fram í máli fundarstjóra að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þrír einstaklingar hefðu gefið kost á sér í aðalstjórn bankans.

Í framboði til aðalstjórnar bankans voru:

- Gunnar Sturluson
- Már Wolfgang Mixa
- Paul Richard Horner

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningarnar og lagt mat á óhæði frambjóðenda samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndarinnar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hafði verið í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að þeir Gunnar Sturluson og Paul Richard Horner yrðu kjörnir í aðalstjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem þrír einstaklingar hefðu gefið kost á sér til setu í stjórn bankans en aðeins tvö sæti væru í boði yrði skrifleg atkvæðagreiðsla að fara fram.

Í samþykktum bankans kæmi fram að kosning stjórnarmanna skyldi fara fram sem meirihlutakosning nema stjórn bankans hefði borist krafa um að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram með öðrum hætti eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf þess hluthafafundar þar sem kjósa skyldi stjórn. Þar sem krafa hefði ekki komið fram innan tilskilins frests skyldi atkvæðagreiðsla framkvæmd sem meirihlutakosning milli frambjóðenda.

Fundarstjóri bað hluthafa því næst að merkja við nöfn þeirra tveggja frambjóðenda sem þeir vildu greiða atkvæði sitt.

Að lokinni talningu atkvæða gerði fundarstjóri grein fyrir niðurstöðu atkvæðagreiðslu. Atkvæði hluthafa sem farið hefðu með samtals 1.189.791.152 hluti í bankanum hefðu verið metin gild. Auð og ógild atkvæði voru 113.528.212. Niðurstaðan var sú að:

- Gunnar Sturluson hlaut 1.117.173.105 atkvæði.
- Már Wolfgang Mixa hlaut 18.785 atkvæði
- Paul Richard Horner hlaut 1.117.183.020 atkvæði

Gunnar Sturluson og Paul Richard Horner voru því rétt kjörnir í stjórn bankans.



Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason (formaður)
- Herdís Dröfn Fjeldsted (varaformaður)
- Gunnar Sturluson
- Liv Fiksdahl
- Paul Richard Horner
- Renier Lemmens
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:

- Ólafur Örn Svansson
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Pröstur Ríkharðsson

## 2. Kosning eins nefndarmanns í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt dagskrárlið 2 stæði til að kjósa einn nefndarmann í tilnefningarnefnd, í stað Christopher Felix Johannes Guth, sem hefði ákveðið að láta af störfum fyrir lok kjörtímabils.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum að einn aðili, Júlíus Þorfinnsson, hefði boðið sig fram til setu í tilnefningarnefnd.

Í máli fundarstjóra kom fram að upplýsingar um frambjóðanda, nafn, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans. Þá hefði stjórn jafnframt lagt mat á óhæði frambjóðandans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væri Júlíus Þorfinnsson réttilega kjörinn í tilnefningarnefnd bankans.

Í tilnefningarnefnd sætu því: Sam Taylor (formaður), Herdís Dröf Fjeldsted og Júlíus Þorfinnsson.



### 3. Önnur mál

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að borist hefði tillaga að ályktun til félagsstjórnar frá Rúnari Einarssyni, hluthafa. Ályktunin var í tveimur liðum sem bornir yrðu upp sitt hvoru lagi. Ályktunin var svohljóðandi:

Hluthafafundur Arion banka hf. ályktar eftirfarandi til félagsstjórnar:

1. Hætt verði að gera kaupaukasamninga, framvirka hlutafjársamninga við æðstu stjórnendur og öll önnur bónuskerfi verði afnumin. Þetta á ekki við um bónusa sem ganga til allra starfsmanna bankans og hafa óverulegt verðmæti.
2. Framvegis verði öll störf bankans þar sem laun eru yfir 1 milljón auglýst og umsækjendur látnir setja fram launakröfur með umsókn í lokað umslag. Hæfnisnefnd verði látin fara yfir umsóknir og sá umsækjandi sem uppfyllir allar kröfur sem farið er fram á í umsókn og jafnframt óskar eftir lægstu laununum verði ráðinn í starfið.

Bar fundarstjóri því næst upp fyrri lið ályktunartillögunnar sem er svohljóðandi:

Hluthafafundur Arion banka hf. ályktar eftirfarandi til félagsstjórnar:

1. Hætt verði að gera kaupaukasamninga, framvirka hlutafjársamninga við æðstu stjórnendur og öll önnur bónuskerfi verði afnumin. Þetta á ekki við um bónusa sem ganga til allra starfsmanna bankans og hafa óverulegt verðmæti.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var felld með meirihluta greiddra atkvæða.

Þá bar fundarstjóri upp síðari lið ályktunartillögunnar sem er svohljóðandi:

Hluthafafundur Arion banka hf. ályktar eftirfarandi til félagsstjórnar:

2. Framvegis verði öll störf bankans þar sem laun eru yfir 1 milljón auglýst og umsækjendur látnir setja fram launakröfur með umsókn í lokað umslag. Hæfnisnefnd verði látin fara yfir umsóknir og sá umsækjandi sem uppfyllir allar kröfur sem farið er fram á í umsókn og jafnframt óskar eftir lægstu laununum verði ráðinn í starfið.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var felld með meirihluta greiddra atkvæða.

Fundarstjóri spurði hvort stjórn bankans eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál. Svo var ekki.

Að því loknu var óskað eftir samþykki fundarins fyrir því að fundarritari og fundarstjóri gangi frá fundargerð að fundi loknum og þá var það samþykkt að fundargerð skyldi ekki lesin upphátt í fundarlok í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heldur hjá fundarritara fyrir þá sem þess óska.



Þá upplýsti fundarstjóri hluthafa um að fundargerð ásamt enskri þýðingu hennar skyldi vera aðgengileg hluthöfum á heimasíðu bankans [www.arionbanki.is/gm](http://www.arionbanki.is/gm) sem og í höfuðstöðvum bankans í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri fundi slitið kl. 16:45.

Þóra M. Hjaltested  
Fundarritari

Ólafur Haraldsson, hrl.  
Fundarstjóri